

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

22. fundur stjórnar 2024-2025 miðvikudaginn 2. apríl 2025

kl. 16.00 - 17.00 á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Forföll: Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Staðan í kjaramálum.
2. Næsti fundur.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 16.00.

1. Staðan í kjaramálum.

Samninganefnd félagsins upplýsti um stöðu mála í kjaraviðræðum. Fundað var hjá Ríkissáttasemjara dagana 26. og 31. mars. Þá voru fundir með rektor HÍ 28. mars og aftur 1. apríl.

Farið yfir drög að miðlægum kjarasamningi við ríkið og einnig drög að samkomulagi við HÍ sem lagt verður fram til afgreiðslu á háskólaráðsfundi 3. apríl.

Ef málin skýrast ekki þá verður kosið um verkfallsaðgerðir á næstu dögum. Áður en það gerist verða upplýsingafundir um stöðuna fyrir félagsfólk á Teams. Fundir verða annars vegar fyrir hvert svið hjá HÍ og hins vegar fyrir HA, Hólaskóla og LBHÍ. Bréf um málið er tilbúið til útsendingar. Í ljósi stöðunnar var samþykkt að bíða með það til morguns þegar í ljós kemur hvort samningar séu í auglýs.

Hermína vék af fundi kl. 16.25.

2. Næsti fundur.

Næsti fundur samkvæmt dagskrá verður föstudaginn 4. apríl kl. 11-13.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.40.

Fundarritari: LP.